

Þessu af kröfum réttvísinnar, og með því að einnig verður fallist á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins ber að staðfesta hann.

Áfrýjunarkostnað málsins ber að greiða af almannafé, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn.

Rekstur málsins fyrir aukaréttinum hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfiréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 25 kr. til hvors, skal greiða af almannafé.

Mánudaginn 1. desember 1919.

Nr. 64/1919.

Valdstjórnin

gegn

Sigurði Gunnlaugssyni

Dómur:

Í máli þessu er kærði Sigurður Gunnlaugsson, til heimilis á Nýlendugötu 19 hér í bæ, sakaður fyr-

ir að hafa sést drukkinn á almannafæri nóttina milli 30. og 31. ágústmán. þ. á. og með því móti gjörst brotlegur eftir 8 gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sem staðfest er 19 apríl þ. á. En fyrir lögreglurétti Reykjavíkur lauk málinu svo með dómi réttarins, uppkveðnum 15. sept. þ. á., að kærði var sýknaður og málskostnaður dæmdur af almannafé Þessum dómi er af hálfu valdstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Um brot kærða eru þessar skýrslur fengar í málinu. Lögregluþjónn Davíð Jónsson segist hafa hitt kærða í Austurstræti nóttina 30. til 31. ágúst þ. á. svo drukkinn að hann hafi reikað í gangi og að hann hafi ætlað að hlaupa þvert fyrir bifreið, er kom akandi á móti þeim, svo og að hann hafi hreytt úr sér ókvæðisörðum, er lögregluþjónninn skildi við kærða heima við húsdyr hans. Lögregluþjónn Gunnlaugur Jónsson hefir skýrt svo frá, að hann hafi þessa sömu nótt hitt kærða í Austurstræti, og hafi hann þá verið með drykkjulæti, reikað og »röflað« og hafi enda ætlað að stökkva fyrir bifreið, er kom akandi eftir götunni. Báðir lögregluþjónarnir hafa staðfest skýrslur sínar með eidi.

Hins vegar hefir kærði neitað því afdráttarlaust að hann hafi verið drukkinn áminnsta nótt, en kannast við að hann hafi drukkið hársþiritus, án þess þó að hafa orðið ölvaður; hann eigi vanda til að fá svimaköst og hafi verið með eitt slíkt kast í þetta sinn; geti verið að sviminn og hársþiritusinn hafi haft þær verkanir að hann hafi reikað, þótt hann annars

munni ekkert eftir því. Læknir hefir vottað að kærði hafi leitað til sín vegna höfuðsvima og að hann hafi lengi þjáðst af þessum kvilla. Þá hefir Haflíði Jónsson, er lögregluþjónarnir sáu með kærða nóttina milli 30. og 31. ágúst þ. á. borið fyrir rétti og staðfest með eiði, að hann hafi verið með kærða áminnsta nótt og að þeir hafi drukkið saman eitt glas af hársþiritus, en jafnframt neitað því þverlega, að þeir hafi orðið nokkuð ölvaðir, eða að kærði hafi haft í frammi nokkur drykkjúlæti eða ókvæðisorð við við lögregluþjónana, enda hafi það eigi getað verið því hann hafi alls ekki verið drukkinn.

Báðir lögregluþjónarnir hafa tekið það fram í skýrslu sinni, að kærði hafi reikað, og virðast þeir, sérilagi Davíð, aðallega af því hafi ályktað að kærði væri drukkinn. En það að hann reikaði gat verið eðlileg afleiðing af svimanum. Með tilliti til þessa og þar sem kærði afdráttarlaust neitar því að hafa verið drukkinn, og þessi neitun hans styrkist við eðfestan framburð Haflíða Jónssonar, verður skýrsla lögregluþjónanna eigi álitin nægilega örugg sönnun fyrir því, að kærði hafi verið drukkinn við umrætt tækifæri, og verður þá að sýkna hann í málinu, eins og undirdómarinn hefir gjört. Með því að einnig verður að fallast á málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins, verður að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. Allur áfrýjunarkostaður sakarinnar greiðist af almannafé, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 20 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmaet.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn staðfestist. Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist af almannafé, þar með talin málflytningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn yfirdómsmálflytningsmannanna Sveins Björnssonar og Eggerts Claessen 20 kr. til hvors.

Mánudaginn 8. desember 1919.

Nr. 15/1919:

Valdimar Thorarensen  
f.h. Carl Sæmundsen & Co.  
gegn  
Ragnari Ólafssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Valdimar Thorarensen málflytningsmaður á Akureyri fyrir hönd firmans Carl Sæmundsen & Co. í Kaupmannahöfn fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar gegn Ragnari Ólafssyni kaupmanni á Akureyri til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér 18720 kr. í skaðabætur fyrir rof á kaupsamningi um síld, auk 6 % ársvaxta af þeirri upphæð frá sáttakærudegi 8. jan. 1916 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.